

Nd.

40. Frumvarp til laga

[40. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Í stað „viðskiptaráðherra“ í 1. og 2. másl. 2. mgr. 3. gr. laganna komi: utanríkisráðherra.

2. gr.

Í stað „viðskiptaráðherra“ í 3. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna komi: utanríkisráðherra.

3. gr.

Í stað „ráða viðskiptafulltrúa . . . að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið“ í 7. gr. laganna komi: ráða viðskiptafulltrúa . . . að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið.

4. gr.

Í stað „Viðskiptaráðherra“ í 8. gr. laganna komi: Utanríkisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um Útflutningsráð Íslands, er liður í nauðsynlegum breytingum á löggjöf í samræmi við samkomulag milli stjórnarflokkanna þriggja um nýja verkaskiptingu milli viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Eftir breytinguna heyrir Útflutningsráð Íslands stjórnarfarslega undir utanríkisráðuneytið í stað viðskiptaráðuneytisins enda er ætlunin að starfsemi, sem örvar útflutning af opinberri hálfu, verði á vegum utanríkisþjónustunnar.